

Akstursþjónusta eldra fólks hefur það að markmiði að gera íbúum kleift að búa heima sem lengst við sem eðlilegastar aðstæður. Sérútbúnir bílar eru notaðir í akstursþjónustunni til að geta ekið fólki sem notar hjólastóla. Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um akstursþjónustu eldri borgara, sjá [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

### Hverjir eiga rétt?

Akstursþjónusta eldra fólks er fyrir þá sem eru orðnir 67 ára, sem búa í heimahúsi, hafa ekki aðgang að eigin farartæki og eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar. Lögblindir geta sótt um að ferðast með leigubílum skv. samningi Kópavogsbæjar og Blindrafélagsins.

### Hvernig er sótt um?

Umsóknir um þjónustu þurfa að berast skriflega eða á rafrænu formi til velferðarsviðs. Eyðublöð má fá í afgreiðslu velferðarsviðs, eða á rafrænu formi í gegnum *Þjónustugátt* á heimasíðu Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) Umsókn þarf að vera undirrituð af umsækjanda sjálfum, talsmanni hans eða forsjáraðila. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og/eða vottorð frá öðrum fagaðilum þar sem staðfest er fötlun og skortur á getu viðkomandi til að ferðast með almenningsvögnum. Í umsókn þurfa að koma fram ástæður fyrir umsókn, svo og óskir um fjölda ferða.

### Hve mikla ferðapjónustu er hægt að fá?

Heildarfjöldi ferða er að hámarki 16 ferðir á mánuði. Í undantekningatilvikum er heimilt að veita fleiri ferðir til að sækja lækni meðferð eða endurhæfingu á endurhæfingastofnun í allt að þrjú mánuði á ári. Jafnframt er heimilt að veita akstur í dagvist aldraðra utan bæjarfélagsins og í félagsstarf. Umsóknir eru teknar fyrir á málafundi ráðgjafateymis að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist.

### Hvernig er greitt fyrir akstursþjónustu?

Gjaldtaka fyrir hverja ferð er 605 kr. Fari ferðafjöldi yfir 16 ferðir í mánuði greiðast 1.212 kr. fyrir hverja ferð. Aukagjald leggst ofan á almennt gjald vegna ferðapantana „samdægurs“ þ.e. panta þarf fyrir 16:00 daginn áður.

**Gjaldskrá með leigubíl fyrir lögblinda** miðast við fullt fargjald strætó. Kostnaðarhlutdeild notanda hækkar sem nemur einu staðgreiðslufargjaldi strætó fyrir hvert kostnaðarþrep.

**Dæmi:** Ef kostnaður á ferð með leigubíl fer umfram 8.136 kr. er gjaldið eftirfarandi:

Kostnaður ferðar allt að 8.136 – 10.136 kr. kostnaður notenda 1.260 kr.

Kostnaður ferðar allt að 10.136 – 12.136 kr. kostnaður notenda 1.890 kr.

*Verð eru sett fram með fyrirvara um breytingar í gjaldskrá*

### Hver hefur eftirlit og umsjón með þjónustunni?

Akstursaðilar hafa umsjón með daglegri framkvæmd þjónustunnar. Notendum er bent á að snúa sér til akstursaðila eða fulltrúa akstursþjónutu til að fá upplýsingar um mál sem tengjast akstursþjónustunni eða til að koma á framfæri ábendingum og/eða kvörtunum.

Fulltrúi akstursþjónustu á velferðarsviði:

Sigríður Ragnarsdóttir: [sirryr@kopavogur.is](mailto:sirryr@kopavogur.is)

Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir er skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og sértækrar ráðgjafar [kristinthyri@kopavogur.is](mailto:kristinthyri@kopavogur.is)

**Hægt er að hafa samband við þjónustuborð í síma 441-0000 alla daga.**

**Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð í þjónustuveri Kópavogsbæjar, og fulltrúi mun hafa samband.**